

A kærði ákvörðun Tollstjóra um synjun á eftirgjöf vörugjalds á ökutækið C sem sérsmíðaða keppnisbifreið í akstursípróttum og krafðist þess ákvörðun Tollstjóra yrði felld úr gildi auk þess sem krafa var gerð um málskostnað. Ákvörðun Tollstjóra byggðist á þar sem ökutækið væri fjöldaframleitt, útbúið hefðbundnum þægindum fyrir ökumann og farþega auk þess að vera skráð almennri notkun hjá Samgöngustofu væri það ekki sérsmíðuð keppnisbifreið í skilningi laga nr. 29/1993.

Í máli þessu var litið til þess að ökutækið væri gríðarlega kraftmikið og hraðskreitt auk þess að vera útbúið ýmsum öryggis- og aukabúnaði sem ekki væri að finna í hefðbundnum fólksbílum frá sama framleiðanda. Þá lá fyrir yfirlýsing Akstursípróttasamband Íslands þess efnis að ökutæki kæranda væri sérsmíðað til akstursípróttu og uppfyllti þar með þau skilyrði sem sambandið gerir til keppnisbifreiða

Af þeim sökum var hin kærða ákvörðun Tollstjóra felld úr gildi og fallist á aðalkröfu kæranda en málskostnaðarkröfu kæranda var hafnað.